

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 32/2005

frá 11. mars 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2005 frá 8. febrúar 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/33/EB frá 22. mars 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB með tilliti til sérstakra tæknilegra krafna er varða blóð og blóðhluta ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 15u (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„15v. **32004 L 0033**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/33/EB frá 22. mars 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB með tilliti til sérstakra tæknilegra krafna er varða blóð og blóðhluta (Stjtíð. ESB L 91, 30.3.2004, bls. 25).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/33/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. mars 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 15 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 32, 23.6.2005, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 91, 30.3.2004, bls. 25.

(*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 11. mars 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.